

# Skólaráð

---

Skólaráð 05.10 2011 kl. 8:15

18. fundur

**Mættir:** María Pálmadóttir, skólastjóri, Mjöll Flosadóttir, fulltrúi foreldra, Vilhjálmur K. Haraldsson, fulltrúi foreldra, Selma Jónasdóttir, fulltrúi kennara, Ragnheiður Ásmundsdóttir, fulltrúi kennara, Ásta Eyjólfsdóttir, fulltrúi kennara, Kristófer Óttar Úlfarssons, fulltrúi nemenda, Vilborg Harðardóttir, fulltrúi nemenda og Pálmar Sigurðsson fulltrúi grenndarsamfélags.

Fundurinn byrjaði á því að nýtt skólaráð kynnti sig. Nýir skólaráðsfulltrúar voru boðnir velkomnir til fundarins en þeir eru Kristófer Óttar Úlfarsson og Vilborg Harðardóttir, fulltrúar nemenda, Ragnheiður Ásmundsdóttir, fulltrúi kennara og Pálmar Sigurðsson, formaður foreldrafélags Setbergsskóla sem er fulltrúi grenndarsamfélags.

## 1. Afgreiðsla skólanámskrár Setbergsskóla

Skólanámskrá Setbergsskóla lögð fram til umsagnar og staðfestingar skólaráðs. Námskráin hafði áður verið send skólaráðsfulltrúum til yfirlestrar. Staðfesting ráðsins þarf að berast þróunarfulltrúa grunnskóla fyrir 10. október 2011. Staðfest umsagnarferli er undirritað af öllum skólaráðsfulltrúum og sér skólastjóri um að það berist fyrir tilsett tímamörk.

Skólanámskrá nær til 1. – 10. bekkjar og er sett fram í sérstöku hefti fyrir hvern árgang. Fremst í heftinu er að finna almennar upplýsingar. Almennur hluti námskrárinnar sem einnig er starfsáætlun skólans er sett fram í sérstöku hefti. Skólanámskrána er að finna á heimasíðu skólans.

Helstu athugasemdir og ábendingar voru varðandi uppsetningu og orðalag í almenna hluta námskrárinnar. Bent var á tvítekningar, ónákvæmni varðandi orðalag og að upplýsingar þyrfti að uppfæra vegna breytinga sem átt höfðu sér stað frá síðasta skólaári. Almenn var ánægja með uppsetningu námskrárinnar í sérstök hefti fyrir hvern árgang og samantekt almennra upplýsinga í hverju hefti fyrir sig.

## 2. Skipulag vetrarins

Lögð voru fram drög að funda- og starfsáætlun ráðsins fyrir skólaárið 2011 – 2012. Farið var yfir drögin en skólastjóri mun raða verkefnum niður á fundi og senda skólaráðsfulltrúum. Starfsáætlunin verður svo afgreidd á næsta fundi ráðsins sem er fyrirhugaður þann 30. nóvember.

## 3. Önnur mál

Rætt var um starfsemi heilsdagsskólans eftir flutning til ÍTH. Nú er heilsdagsskólinn í húsnæði á efri hæð íþróttahúss og þar með öll aðstaða betri. Nokkuð vel hefur gengið að koma starfseminni af stað og almennt virðist ríkja ánægja með starfið.

Fleira var ekki rætt, fundi slitið kl. 9:30

María Pálmadóttir ritaði fundargerð.